



FRÉTTABRÉF FORELDRAFÉLAGSSINS

VOR 2017

Heilir og sælir kæru foreldrar og forráðamenn.

Við í foreldrafélaginu viljum byrja á því að óska ykkur gleðilegs nýs árs og þakka ykkur fyrir það sem af er vetri.

Eins og áður hefur foreldrafélagið tekið veigamikinn þátt í starfinu á leikskólanum og séð um að skipuleggja og greiða fyrir ýmiss konar skemmtilegar uppákomur og má þar helst nefna:

Sumarhátíð: Grillum pylsur, fáum leynigesti í heimsókn og fleira skemmtilegt.

Jólafondur: Þar sem við meðal annars málum kerti, búum til jólakúlur og fáum okkur heitt kakó og piparkökur.

Jólaleiksýning: Börnin fá aðkeypta jólasýningu á leikskólatíma.

Gjafir frá rauða kallinum á jólaballinu

Sveitaferð/Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn: Venjan hefur verið sú að fara annað hvert ár saman í rútum á skólatíma og hitt á einkabílum á frídegi.

Skólamyndataka: Foreldrafélagið sér um að skipuleggja skólamyndatöku í samvinnu við leikskólann og sér um að greiða gjald fyrir komu ljósmyndarans.

Leiksýning að vori: Ef peningur leyfir fáum við leiksýningu fyrir börnin á skólatíma.

Foreldrafélagið hefur nú sent út greiðsluseðil sem á að hafa birst í heimabankanum.

Félagsgjöldin gilda fyrir allt árið og hvetjum við ykkur eindregið til greiða þennin seðil svo að við getum haldið áfram að efla og styrkja það frábæra starf sem nú þegar er unnið á leikskólanum. **Eindagi er 14. febrúar.**

Allir fjármunir eru nýttir hverju sinni í að gera leikskólaupplifunina enn skemmtilegri og fjölbreyttari fyrir börnin okkar.